

Nd.

68. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 58 28. jan. 1935, um hafnargerð á Hornafirði.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til hafnargerðar á Hornafirði veitist úr ríkissjóði ½ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 200000.00 — tvö hundruð þúsund kr. — gegn ¾ úr hafnarsjóði Hafnarkauptúns. Með kostnaði við hafnargerð teljast nauðsynlegar dýpkanir á höfninni og inn-siglingaleiðinni.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 300000.00 — þrjú hundruð þúsund kr. — lán, er hafnarsjóður Hafnarkauptúns kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð Nesjahrepps og sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu Landsbankans, ef það er tekið erlendis. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þótt Höfn í Hornafirði sé mikil útgerðarstöð og eini afgreiðslustaður strandferðaskipanna við suðurströnd landsins, þegar Vestmannaeyjar eru frá teknar, er höfnin þar engan veginn svo örugg fyrir afgreiðslu skipa sem vera þyrfti.

Það er því óhjákvæmilegt að gera þar allmiklar hafnarbætur, enda er fyrirhugað að hefjast handa um það mjög bráðlega. Lögin um hafnargerð í Hornafirði, sem sett voru 1935, mæla svo fyrir, að ríkissjóður greiði kostnað við hafnarbæturnar að ½ hlutum á móli fraulagi hafnarsjóðs að ¾ hlutum. Þar sem kaupgjald og verðlag í landinu hefur gerbreytzt frá því að lögin voru samin, er augljóst, að upphæð sú, sem ákveðin er í lögnum, hrekkur hvergi nærri til að standast kostnað við þær hafnarbætur, sem fyrirhugaðar eru og gera þarf á þessum stað.

Sökum þess er frv. þetta, sem gerir ráð fyrir verulegri hækkun á fjárframlögum til umbóta á höfninni, flutt.